


Alþingi
Erindi nr. P 127/2050
komudagur 22.4.2002



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

19. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni sjávarútvegsnefndar Alþingis dagsett 15. apríl 2002, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um hvalveiðar, 648. mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson,
forstjóri

Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, með síðari breytingum. 648. mál.

Þegar meta skal efnahagsleg áhrif af því að hefja hvalveiðar er nauðsynlegt að gæta að bæði beinum og óbeinum áhrifum af slíkri ákvörðun. Beinu áhrifin eru áhrif hvalveiða á tekjur, atvinnu og útflutning á hvalafurðum. Þessi áhrif eru jákvæð. Óbeinu áhrifin eru annars vegar áhrif hvalveiða á fiskveiðarnar vegna fiskáts hvalanna og samkeppni um fæðu í hafinu og hins vegar möguleg áhrif hvalveiða á aðrar atvinnugreinar í landinu, einkum ferðamannaiðnaðinn og hvalaskoðun. Fyrirnefndu áhrifin eru jákvæð en þau síðartöldu gætu verið neikvæð.

Þótt auðvelt sé að telja upp hvernig hvalveiðarnar muni hafa áhrif á efnahagslífið, þá er mjög erfitt að meta mikilvægi einstakra þátta. Beinu áhrifin ráðast af því hversu marga hvali má veiða og hvaða möguleikar verða á að selja afurðirnar. Mjög hátt verð fæst fyrir hvalafurðir í Japan, en innlendir markaður fyrir hvalafurðir er ekki stór og verðið lágt. Á áttunda áratugnum nam útflutningur hvalafurða mest 2-3% af útflutningi sjávarafurða en það samsvarar 2-3 milljörðum í dag.

Vísindamenn hjá Hafrannsóknastofnun hafa talið að sjávarspendýr þ.e. hvalir og selir valdi því að aflí af þorski og loðnu verði 10-20% lægri en ella þegar til lengri tíma er litið.¹ Útflutningsverðmæti þessa afla gæti numið 10-15 milljörðum miðað við verðlag nú. Hversu mikið hægt er að auka aflann vegna tiltekinna hvalveiða fer vitaskuld eftir umfangi þeirra.

Í umræðunni um hvort hefja skuli að nýju hvalveiðar hér við land er oft bent á að þessar veiðar gætu valdið því að neytendur hættu að kaupa íslenskar fiskafurðir og að ferðamannaiðnaður, einkum hvalaskoðun, muni dragast saman. Mjög erfitt er að meta sannleiksgildi þessara fullyrðinga eða mögulegt umfang samdráttar í eftirspurn eftir íslenskum fiski og íslenskri ferðaþjónustu í kjölfar þess að hvalveiðar yrðu hafnar að nýju. Reynsla Norðmanna sem hófu hvalveiðar að nýju árið 1993 bendir ekki til þess að áhrifin á eftirspurn eftir fiski eða ferðaþjónustu yrðu mikil.² Erfiðara er að segja til um áhrifin á grein eins og hvalaskoðun. Fylgjendur hvalveiða hafa þó nefnt að hér áður fyrr var oft farið með ferðamannahópa í hvalstöðina í Hvalfirði og þeim sýndur hvalskurður.

Þjóðhagsstofnun telur að verulegur efnahagslegur ábati verði af því að hefja hvalveiðar að nýju. Það er þó ástæða til að fara varlega í þessum efnum vegna mögulegra áhrifa á markaði fyrir fisk og ferðamannþjónustu.

¹ Sjá Gunnar Stefánsson, Jóhann Sigurjónsson, Gísli A. Víkingsson 1997: Um samspil þorsks, loðnu, rækju og skíðishvala á Íslandsmiðum. Í Fjölstofnarannsóknir 1992-1995. Hafrannsóknastofnun. Fjölrit, 57: 367-377 og Gunnar Stefánsson, Jóhann Sigurjónsson, Gísli A. Víkingsson 1997: On dynamic interactions between some fish resources and cetaceans off Iceland based on a simulation model. J. Northw. Atl. Fish. Sci., 22: 357-370.

² Sjá t.d. grein eftir Trond Björndal, Jon M. Conrad og Anders Toft, On the resumption of the Norwegian minke whale hunt, í ritinu Whaling in the North Atlantic, sem Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands gaf út 1997.